

III. Áhættusjóður:		
Áhættusj. pr. 31. 12. '76	kr. 11 052 790	
Lagt í áhættusj. á árinu	— 5 165 277	
		16 218 067
IV. Eigið fé:		
Óráðstafað eigið fé		191 826 168
		<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals	kr. 233 169 392	

Í stjórn Samábyrgðar Íslands:

Ágúst Flygenring. Birgir Finnsson. Jón Sigurðsson.
 Andrés Finnbogason, Egill Þorfinnsson.
 Páll Sigurðsson.

Framanskráður rekstrar- og efnahagsreikningur, hinn 31. 12. 1977, er saminn eftir bókum deildarinnar, sem við höfum endurskoðað.
 Endurskoðunarskýrsla fylgir.

Reykjavík, 20. júní 1978.

Endurskoðunarskrifstofa Björns E. Árnasonar.
 Árni Björnsson.

11. október 1978.

AUGLÝSING

Nr. 387.

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1978:

Fiskmjöl, \$ 6.30 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar \$ = 307.10.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu, ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1978.

F. h. r.
 Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.